

Ed.

513. Breytingartillaga

[229. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, um breyt. á þeim lögum.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. 1. efnismálsgr. orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða vaxtalausra lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Heimilt er þó að taka allt að 10% ársvexti, ef sjóðsstjórn telur óhjákvæmilegt. Lánstími skal að jafnaði vera fimm ár.